

Tillaga frá B, S og C lista

Efni: Heildarendurskoðun á gjaldskrá í leikskólum Mosfellsbæjar – tillaga að stofnun starfshóps

---

Meirihluti B, S og C lista leggur til að skipaður verði starfshópur til að greina hvaða leiðir eru færar þegar kemur að stefnumiðaðri endurskoðun á gjaldskrá leikskóla Mosfellsbæjar. Markmiðið er að vera áfram í forystu þegar kemur að góðri þjónustu við börn og foreldra.

Hópurinn fái það hlutverk að greina stöðuna eins og hún er í dag, bæði með tilliti til velferðar barna og starfsumhverfis í leikskólum. Auk þess verði rýnt í þær breytingar sem eru að verða í sveitarfélögunum kringum okkur í þessum efnum.

Hópurinn leggi fram tillögur að breytingu á gjaldskrá leikskóla með tilliti til áhrifa hennar á starfsumhverfi skólanna.

Teknir verði til skoðunar eftirfarandi þættir:

- Almenn gjaldtaka vegna vistunartíma.
- Möguleikar á þrepaskiptingu gjalda.
- Afsláttarkjör eða tekjutenging gjalda.
- Opnunartími leikskóla Mosfellsbæjar.
- Hámarks vistunartími barna.
- Sveigjanlegur vistunartími.
- Biðlistagreiðslur/foreldragreiðslur
- Vinnutímastyttingu

Óskað er eftir tillögu að mönnun hópsins frá framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs.

Greinargerð:

Ljóst er að miklar breytingar eru að verða víða í umhverfi leikskóla. Þær breytingar eru meðal annars tilkomnar vegna samfélagslegra þátta s.s. menntunnar leikskólakennara, mönnunar og vinnutímastyttingar. Þessar breytingar hafa áhrif á starfsemi leikskóla um land allt og það sama á við í Mosfellsbæ.

Með innleiðingu skráningardaga í haust er vel greinanlegt hvernig hægt er að hafa áhrif á starfsumhverfi og gæði leikskólastarfs með því að skapa réttu hvatana. Um 70% barna í leikskólum Mosfellsbæjar njóta nú styttri viku í leikskólanum vegna þessara breytinga. Ennfremur hefur þessi leið gert skólunum kleift að innleiða fulla vinnutímastyttingu fyrir starfsfólk.

Í umræðu síðasta vetur um starfsumhverfi og skráningardaga var ljóst að verið var að taka eitt skref af mörgum til að koma til móts við þessar breytingar. Eitt leyfisbréf kennara, munur á starfsumhverfi leik- og grunnskóla auk þess sem komið hefur verið til móts við kröfur um innritun yngri barna.

Vellíðan barna og sú umgjörð sem þeim er boðið upp á í leikskólanum hefur áhrif á það hvernig þau þroskast félagslega og til dæmis í málþroska. Sá þroski hefur svo áhrif á það hvernig þeim gengur í grunnskólanum. Það er því til mikils að vinna að tekið sé fullt tillit til þess hverskonar umhverfi þeim er boðið upp á í leikskóla.

Mosfellsbær er, og hefur verið, mikill barnabær. Hér hefur börnum á öllum aldri fjölgað mikið á síðustu árum. Því fylgir uppbygging innviða en ekki síður mikil þörf á því að vernda og viðhalda þeim gæðum sem við viljum viðhafa í skólastarfi og þjónustu við börn.

Mosfellsbær stefnir að því að vera barnvænt samfélag og því er mikilvægt að skoða það umhverfi sem við bjóðum yngstu íbúunum uppá og athuga hvort sú þróun er til þess fallin að auka farsæld þeirra.